



## Hávaði

Í nútímaþjóðfélagi er hávaði aukið vandamál. Ýmsar rannsóknir sýna aukna tíðni heyrnarskerðingar af völdum hávaða. Heyrnarvernd er mikilvægur forvarnarþáttur í heilbrigðiskerfinu. Hugið því vel að börnum ykkar í hávaða, s.s. við sprengingar á gamlárskvöld, við notkun hljómflutningstækja og tölvuleikja, við hávaðasamar vinnuvélar o.s.frv. Skammtið börnunum tíma í hljómflutningstækjum og gætið þess að þau eyði ekki of löngum tíma í tölvuleikjum. Hugið vel að því hve hátt tækin eru stillt þegar börnin eru að hlusta. Gætið þess að eyrun fái daglega hvíldarstund!

## Heyrnar- og talmeinastöð Íslands

Háaleitisbraut 1  
105 Reykjavík  
Sími: 581 3855  
Bréfasími: 568 0055  
Netfang: [hti@hti.is](mailto:hti@hti.is)  
[www.hti.is](http://www.hti.is)



Hönnun: Pír Björk enfi • Útselt: Kristján Mæski o.fl. • Prentun: Svanesprent

# Heyrir barnið þitt?



Heyrnar- og talmeinastöð Íslands



## Heyrir barnið þitt?

Góð heyrn er mikilvæg forsenda fyrir þroska barna, ekki síst félags- og málþroska þeirra. Með heyrninni skynja þau blæbrigði talaðs máls, læra málið og notkun þess. Börn nema einnig ýmiss konar hljóð sem hjálpa þeim að kynna umhverfinu. Heyrnin er því ekki eingöngu skynfæri heldur einn þeirra þátta sem móta barnið, persónuleika þess og atferli.

Það er ekki sjálfgefið að hafa eðlilega heyrn – eitt til tvö börn af hverjum 1000 fæðast með heyrnarskerðingu sem hindrar eða tefur málþroska.

Mikilvægt er að skert heyrn greinist sem fyrst hjá börnum og viðeigandi meðferð hefjist strax ef hennar er þörf. Þannig má draga úr afleiðingum heyrnarskerðingarinnar. Sýnt hefur verið fram á að í 70% tilfella þar sem heyrnarskerðing var staðfest hjá börnum, vaknaði grunurinn fyrst hjá foreldrum. Grun foreldra um heyrnarskerðingu barna ber því að taka alvarlega.

Á Íslandi eru nú um 200 börn á aldrinum 0–18 ára með heyrnartæki. Fleiri börn eru heyrnarskert en nota ekki

heyrnartæki, t.d. þau sem eru með væga heyrnarskerðingu eða tímabundna heyrnarskerðingu af völdum sjúkdóma.

## Heyrnarmælingar á nýburum

Frá því í apríl 2007 hafa börn sem fæðast á Landspítala – háskólasjúkrahúsi verið heyrnarmæld en þá fór formlega af stað tveggja ára samstarfsverkefni sjúkrahússins og Heyrnar- og talmeinastöðvarinnar. Heyrnarmæling fer fram um leið og lækni skoðun, á fimmta degi frá fæðingu barns. Mælingin tekur stuttan tíma og hægt er að framkvæma hana á meðan barnið sefur. Hún er á engan hátt óþægileg fyrir barnið og foreldrar eru viðstaddir allan tímann. Litlu hlustarstykki er komið fyrir í eyra barnsins. Hljóðmerki er gefið, á styrk sem samsvarar eðlilegum talstyrk. Þegar innra eyra barnsins nemur hljóðið sendir það frá sér svar og með hjálp tölvu er hægt að skrá svarið. Mælingin tekur örfáar mínútur. Aðferðin sem notuð er við mælinguna kallast OAE (Otoacoustic emissions).

Hægt er að panta tíma hjá Heyrnar- og talmeinastöðinni fyrir börn sem ekki eru heyrnarmæld við hefðbundna fimm daga skoðun.

Eftirfarandi atriði geta gefið vísbendingu um að heyrn barnsins sé skert:

- ✓ barnið rumskar ekki við hávaða
- ✓ barnið gegnir ekki kalli
- ✓ barnið notar sjónina áberandi mikið
- ✓ barnið hjalar minna eftir 6 mánaða aldur
- ✓ barnið leikur sér mikið eitt
- ✓ barnið vill bara leika sér með einum í einu
- ✓ barnið dregur sig út úr hópi
- ✓ barnið leikur með í hópi en vill stjórna leiknum eitt
- ✓ barnið virðist skilja betur ef það sér framan í viðmælanda
- ✓ kvartanir berast frá leikskóla eða skóla

Því fyrr sem heyrnarskerðingin greinist, þeim mun meiri möguleikar eru til þess að hjálpa barninu, meðal annars auka líkurnar á eðlilegum málþroska. Hjálpin felst oftast í ráðgjöf til fjölskyldu barnsins, heyrnartækjum og þjálfun hjá talmeinafræðingi. Hægt er að setja heyrnartæki á nokkurra vikna gamalt barn eða um leið og staðfesting á heyrnarskerðingunni liggur fyrir.

## Þróun máltöku

Börn bregðast nokkuð misjafnlega við hljóðum, en í grófum dráttum mætti líta á eftirfarandi sem eðlilegar væntingar:



<b>Fyrstu vikumar:</b>	Barnið hrekkur við, vaknar eða grætur við snöggan hávaða í 1–2 metra fjarlægð.
<b>3 mánaða:</b>	Barnið hættir að leika sér eða gráta þegar talað er við það eða þegar það heyrir óvænt hljóð. Það bablar og endurtekur oft sömu hljóðin.
<b>6 mánaða:</b>	Barnið gegnir nafni og leitar að óvæntum hljóðum. Það er byrjað að snúa sér í áttina að hljóðum. Bablið hefur aukist og alls kyns hljóð myndast.
<b>9 mánaða:</b>	Barnið snýr sér í áttina að hljóðum og hlustar á fólk tala. Hermir eftir hljóðum. Notar röddina til að ná athygli.
<b>1 árs:</b>	Barnið er byrjað að hlýða munnlegum skipunum og svara einföldum spurningum, t.d. „komdu“ eða „viltu meira?“. Byrjar að nota skiljanleg orð 1–1½ árs.
<b>1–2 ára:</b>	Barnið hlýðir samtengdum skipunum, t.d. „náðu í boltann og settu hann á borðið“. Orðaforðinn eykst talsvert, barnið kemur með 1–2 orða spurningar og setur saman tvö orð.
<b>2–3 ára:</b>	Barnið bendir á myndir, s.s. bolta, bangsa eða skeið, eftir beiðni: Þekkir umhverfishljóð, s.s. simhringingu, hundgá, sjónvarp, bank á hurð og raddir heimilisfólksins. Orðaforðinn er 2–300 orð. Barnið spyr mikið.
<b>4 ára:</b>	Barnið heyrir og skilur samtal fyrirhafnarlaust. Heyrir þegar kallað er úr næsta herbergi. Hlustar af athygli á sögur og samtal. Notar flest hljóð óþjögugt nema e.t.v. r, s og þ.
<b>5 ára:</b>	Barnið heyrir og skilur talað mál að mestu. Öll hljóð óþjögugt nema e.t.v. r og s. Röddin hljómar eðlilega.

